

Sá, er styrks beiðist, sendir umsókn sína, stilaða til Búnaðarfélags Íslands, 75
stjórn búnaðarfélags þess, sem hann er í, og sér hún þá um útvegum verkfær- 19. júní
anna og greiðslu andvirðis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Dorsteinn Briem.

L Ö G

76

um breyting á lögum nr. 43 23. júní 1932, um barnavernd.

19. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 10. tölulið 6. gr. laganna bætist: Í Reykjavík er kennslumálaráð-
herra heimilt að skipa einn eftirlitsmann og annan mann til vara, að fengnum
tillögum barnaverndarráðs, og annast hann þá skoðun allra kvikmynda, sem þar
eru sýndar, og úrskurðar, hvort börnum skuli heimill aðgangur að þeim. Úr-
skurð sinn stimplar eftirlitsmaður á hverja mynd, og gildir hann um þá mynd
hvar sem er á landinu. Kvikmyndahús greiðir eftirlitsmanni eða varaefirlits-
manni þóknun þá, er ráðherra ákveður, fyrir hverja mynd.

2. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist tveir nýir töluliðir, svo hljóðandi:

11. Í reglugerð, er nefndin setur og ráðherra staðfestir, má setja ákvæði, er
banna í umdæmi nefndarinnar sölu á tóbaki til barna og unglunga innan
16 ára aldurs, banna að setja sælgætis- og tóbaksverzlanir á stofn í nánd
við barnaskóla, leikvelli eða aðra samkomustaði barna, banna umferða-

76
19. júní

sölu sælgætis og tóbaks og takmarka eða banna með öllu einstakar sælgætistegundir, sem talizt geta, beinlínis eða óbeinlínis, hættulegar börnum o. s. frv. Ennfremur má í slíkri reglugerð fela barnaverndarnefndum að hafa eftirlit með sjónleikum, sem börn hafa aðgang að, og að heimila þeim að leggja bann við sýningu á þeim fyrir börn, ef þeim þykir ástæða til.

12. Í reglugerð, er nefndin setur og ráðherra staðfestir, má takmarka opinbera blaðasölu barna í umdæmi nefndarinnar.

3. gr.

Aftan við 14. gr. laganna bætist ný málsg. , svo hljóðandi:

Heimilt er bæjarstjórn eða sveitarstjórn að veita, samkvæmt tillögum barnaverndarnefndar eða skólanefndar, fátækum barnaheimilum styrk, sem eigi telst þurfamannastyrkur, enda sjái nefndin um það, að styrknum sé varið börnunum til hjálpar.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Þorsteinn Briem.